

VI. Suðurþingeyjarsýsla:

120

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 263,07	
2. Niðurjöfnun 18 au. á hndr.	— 1585,06	
3. Aðrar tekjur	— 733,20	— 2581,33

Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins	kr. 2293,63	
2. Eign til næsta árs	— 287,70	— 2581,33

Skrifstofu Norðuramtsins, 18. júní 1897.

Páll Briem.

Skýrsla

121

um efnahag sýsluvegasjóða í Norðuramntinu 1896.

I. Húnavatnssýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 409,49	
2. Sýsluvegagjald	— 1031,25	
3. Aðrar tekjur	— 14,80	— 1455,54

Gjöld:

1. Vegakostnaður	kr. 399,90	
2. Ýmisleg gjöld	— 209,08	
3. Sýsluvegagjald til landssjóðs	— 439,15	
4. Eign til næsta árs	— 407,41	— 1455,54

II. Skagafjarðarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 90,77	
2. Sýsluvegagjald	— 1083,75	
3. Tillög úr hreppavegasjóði	— 41,68	— 1216,20

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 1056,33	
2. Eign til næsta árs	— 159,87	— 1216,20

III. Eyjafjarðarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 264,75	
2. Sýsluvegagjald	— 1246,25	— 1511,00

121

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 1272,62	
2. Eign til næsta árs	— 238,38	— 1511,00

IV. Suðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

1. Eign frá f. á.	kr. 167,75	
2. Sýsluvegagjald	— 950,00	— 1117,75

Gjöld:

1. Vegabótakostnaður	kr. 902,75	
2. Eign til næsta árs	— 215,00	— 1117,75

Skrifstofu Norðuramtsins, 16. júní 1897.

Páll Briem.

122

Skýrsla

um amtsráðsfund Austuramtsins 12—14. júlí 1897.

Ár 1897 hinn 12. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins, amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu, hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni að Borgum, amtsráðsmanni Suðurmúlasýslu, búfræðingi Sigurði Einarssyni á Hafursá og varaamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu, síra Einari Þórðarsyni í Hofteigi, er mætir í forföllum aðalamtsráðsmannsins, prófasts Einars Jónssonar í Kirkjubæ. Amtsráðsmaður Norðurþingeyjarsýslu, hreppstjóri Árni Kristjánsson á Lóni var ókominn, eu kom á 3. degi.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1896 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
 - d. Gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.
 - f. Bókasafns Austuramtsins.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá án athugasemda.
2. Framlögð voru eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda:
 - a. Í Austurskaptafellssýslu af fundi 28—29. apríl 1897.
 - b. Í Suðurmúlasýslu af fundum 24—25. sept. 1896 og 28—29. apríl 1897.
 - c. Í Norðurmúlasýslu af fundum 11—12. sept. 1896 og 24—25. marz 1897.